

Reykjavík, 14. mars, 2026

Efni: Fjölmiðlar, staða RÚV og styrkjakerfi ríkisins

Innan Öldu – félags um sjálfbærni og lýðræði hafa málefni fjölmiðla oft komið til tals á liðnum árum sökum versnandi stöðu þeirra. Félagið hefur fylgst vel með þróun styrkjakerfis þess sem sett var upp til að bregðast við þessari stöðu. Í lok síðasta árs var gefin út aðgerðaráætlun á vegum Menningar- nýsköpunar og háskólaráðuneytisins sem unnið er eftir og á að bæta fjölmiðla.¹ Félagið vill hér með vekja Alþingi til meðvitundar um nokkur atriði sem varða þessa áætlun en jafnframt ljá máls á atriðum sem huga þarf að varðandi RÚV.

I. RÚV, gæði fjölmiðlunar og lýðræði

Alda telur að rekstrargrundvöllur einkarekinna miðla sé tæpari nú en hafi verið um áratuga skeið. RÚV var stofnað 1930 einmitt vegna þess að einkarekin fyrirtæki gátu ekki haldið úti starfsemi eins og RÚV eitt gat á þeim tíma. Þetta kom til af tækniþróun þess tíma og aftur erum við komin í þá stöðu að tæknibreytingar gera einkareknum miðlum erfitt að fóta sig. **Þetta er raunin um allan heim.** Félagið telur eðlilegt að við þessu sé brugðist af hálfu stjórnvalda.

Vandaðir, sterkir fjölmiðlar sem halda úti gagnrýninni umræðu um samtímamann eru og hafa alltaf verið ein af lykilforsendum lýðræðis. Á tímum þar sem einkareknir miðlar eiga erfitt með að standa undir því hlutverki er brýnt að RÚV sé í fararbroddi hvað varðar útbreiðslu og gæði fjölmiðlunar, dagskrárgerðar og frétttaflutnings. Fréttastofa RÚV þarf og ætti að vera sú öflugasta í landinu. Tryggja verður næga fjármögnun til stofnunarinnar til að það gangi að mati Öldu.

Einkareknir fjölmiðlar að mati Öldu skipta miklu máli og þar skiptir fjölbreytni mestu máli, enda stuðlar fjölbreytni að því að gagnrýni og umfjöllun um samfélagsmál sé sem fjölbreyttust. Fjölbreytni fjölmiðla er mikilvæg fyrir rannsóknarblaðamennsku og til að tryggja óhæði rannsóknarblaðamanna.

En þrátt fyrir þetta telur Alda að RÚV eigi að vera í fararbroddi þegar kemur að íslenskum fjölmiðlum. Til þess að þetta geti orðið þarf að tryggja að fjármögnun til RÚV dragist ekki saman. Ef eitthvað er, ætti fjármögnun til RÚV að aukast í samræmi við að samfélagið verður ríkara með ári hverju og flóknara.

Í ljósi þessa vekur það áhyggjur innan Öldu að nýta eigi auglýsingatekjur RÚV til að styrkja einkarekna fjölmiðla eftir því sem aðgerðaráætlun ráðuneytisins segir. Engin góð, rökstudd ástæða

¹ Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið (desember 2025). *Aðgerðaráætlun í málefnum fjölmiðla.*

er til að veikja RÚV með slíkum aðgerðum. Félagið telur þessi áform frekar koma til vegna hagsmunatogs einkarekinna fjölmiðla og sérhagsmunahópa, ekki eigi að gefa eftir fyrir því. Þá er einnig getið um í áætluninni að fella eigi út kvöð um fjölda rása sem RÚV haldi úti. Félagið telur slíkt óþarft og óheppilegt.

Styrkir til einkarekinna fjölmiðla eiga ekki að draga úr fjármögnun til RÚV né veikja stofnunina. Því fleiri blaðamenn sem starfa í geiranum, því sterkari er geirinn. Það sem þarf nú er að styrkja fjölmiðla til að efla rödd þeirra og virkni í samfélaginu – einnig RÚV.

II. Nútíma styrkjakerfi fyrir fjölmiðla

Í ljósi framangreinds er eðlilegt að mati Öldu að einkareknir fjölmiðlar fái aðstoð af einhverju tagi. **Að mati félagsins er langeðlilegast að fjölmiðlastyrkjum af hálfu hins opinbera sé beint að mestu leyti til verkefna** sem einstaklingar sækja um og fá, sem geta svo unnið á fjölmiðli eða sjálfstætt og síður til beins reksturs miðlanna. Þannig myndu styrkir renna til einstaklinga sem sinna vissu *hlutverki* fremur en að peningum sé beint *almenn* til fjölmiðla í hlutfalli við stærð þeirra (eins og verið hefur). Félagið telur mjög óeðlilegt að styrkir séu veittir í hlutfalli við stærð miðlanna eins og verið hefur; slíkt herðir eingöngu á að stórir fjölmiðlar haldist stórir, en aðgerðaráætlun ráðuneytisins virðist miða við óbreytt fyrirkomulag hvað það varðar. Eðlilegra er að styrkja tiltekin verkefni fremur.

Undir fyrirkomulag af þessu tagi ættu að falla styrktarsjóðir um rannsóknarblaðamennsku og sjóðir til dagskrárgerðar, t.d. um mannlíf, sögu og stöðu Íslands í samtímanum. Að mati félagsins ætti að setja upp styrktarsjóði um slík verkefni til frambúðar, sem veitt yrði úr árlega. Slíkt hefði samfélagslegan tilgang þegar mikið umrót er í heiminum, staða Íslands alþjóðlega er orðin óljós og ljóst er að í samfélaginu skortir visst leiðarljós um stöðu Íslands alþjóðlega og hverjir styrkleikar landsins og samfélagsins eru. Sjóðir um rannsóknarblaðamennsku ættu að vera sjálfsagðir, enda gegnir slík blaðamennska mikilvægu hlutverki í lýðræðissamfélagi. Gera á kröfur um gæði efnis sem framleitt er fyrir slíka styrki. Til eru eldri fyrirmyndir að styrkjakerfum sem þessum.

Alda vill að fjölmiðlar fái sem minnst af beinum rekstrarstyrkjum frá ríkinu og að þeir fjármagni sig með áskriftum til að reka sig frá degi til dags. Hins vegar er sjálfsagt að hluti af dagskrárgerð og rannsóknarblaðamennsku sé fjármögnuð með styrkjum hins opinbera, sem fyrr segir á vandað efni að vera þar í forgrunni.

III. Ábendingar Öldu

Eftirfarandi eru þau atriði helst sem félagið leggur áherslu á:

1. Alda telur að RÚV hafi mikilvægu hlutverki að gegna sem fjölmiðill í þjóðareigu, og telur áriðandi að RÚV viðhaldi gæðum í blaðamennsku og fjölmiðlun. Þetta er mikilvægt lýðræðislegt hlutverk.
2. Félagið telur einkarekna miðla einnig mikilvæga en að þeir muni búa við kröpp kjör um fyrirsjáanlega framtíð vegna tæknibreytinga.
3. Að mati Öldu verður að huga að styrkjakerfi til frambúðar til rannsóknarblaðamennsku og dagskrárgerðar, sem sniðið er að einstaklingum. Almenna rekstrarstyrki fjölmiðla þarf að endurskoða.
4. Félagið minnir á að almennur styrkur fjölmiðla veltur á fólki sem starfar í geiranum, þannig náum við alls ekki markmiðum um sterkari fjölmiðla með því að veikja RÚV – slíkt veikir fjölmiðla almennt fremur en styrkir þá.

Fulltrúar Öldu eru reiðubúnir til að hitta þingnefndina hvenær sem er til að ræða þessi mál betur.

Fyrir hönd Öldu – félags um sjálfbærni og lýðræði,

Guðmundur D. Haraldsson

Halldór Auðar Svansson

Sævar Finnbogason